

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 37/2014

037-2014i

frá 8. apríl 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 195/2013 frá 7. mars 2013 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 að því er varðar nýsköpunartækni sem dregur úr losun koltvísýrings frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45zu (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008) og í lið 45zx (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 R 0195**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 195/2013 frá 7. mars 2013 (Stjtið. ESB L 65, 8.3.2013, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 195/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. apríl 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. apríl 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 65, 8.3.2013, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.